



Framtíðargrunnur

Landsbankinn hf. | Nr. 1503-11 | Júní 2023

Framtíðargrunnur - verðtryggður

- Verðtryggður Framtíðargrunnur er ætlaður einstaklingum á aldrinum 0-25 ára.
- Ekki er hægt að stofna verðtryggðan Framtíðargrunn á einstakling sem náð hefur 22 ára aldri vegna binditíma.
- Innborganir á verðtryggðan Framtíðargrunn eru bundnar að lágmarki til 18 ára aldurs reikningseiganda.
- Innborganir sem gerðar eru áður en reikningseigandi hefur náð 15 ára aldri losna í einn mánuð við 18 ára aldur reikningseiganda. Að loknu þessu eins mánaðar innlausnartímabili binst innstæðan á ný, án tilgreinds binditíma, þar til úttekt er pöntuð með að lágmarki 31 dags fyrirvara.
- Innborganir sem gerðar eru eftir að reikningseigandi hefur náð 15 ára aldri eru bundnar í 36 mánuði frá innborgunardegi. Hver innborgun losnar í einn mánuð að loknum 36 mánaða binditíma. Að loknu þessu eins mánaðar innlausnartímabili binst innborgunin á ný, án tilgreinds binditíma, þar til úttekt er pöntuð með að lágmarki 31 dags fyrirvara.*
- Innborganir bera vexti samkvæmt vaxtatöflu Landsbankans á hverjum tíma frá og með næsta degi eftir að fjármunirnir eru lagðir inn. Dagurinn fyrir úttekt er síðasti vaxtadagur úttekinnar fjárhæðar.
- Vextir og verðbætur bindast að lágmarki til 18 ára aldurs með sama hætti og aðrar innborgarnir.
- Verðbætur eru færðar í lok hvers mánaðar og bindast eins og binditími reikningsins kveður á um.
- Þar sem vextir og verðbætur eru bundnir til 18 ára aldurs er fjármagnstekjuskattur ekki tekinn út af reikningi um áramót, heldur reiknaður með skattprósentu á hverjum tíma og dreginn frá innstæðu á 18 ára afmælisdegi reikningseiganda.
- Á 18 ára afmælisdegi reikningseiganda eru vextir og verðbætur reiknaðar og lagðar við höfuðstól.
- Framtíðargrunnur lokast fyrir innborgunum þegar eigandi hans verður 22 ára.
- Framtíðargrunnur er ekki greiðslureikningur í skilningi laga.
- Landsbankinn getur hvenær sem er gert breytingar á skilmálum þessum einhliða og án fyrirvara. Breytingar á skilmálunum eru tilkynntar viðskiptavinum með skilaboðum í netbanka eða með almennri tilkynningu á vefsvæði bankans eða með öðrum hætti sem bankinn ákveður.
- Að öðru leyti gilda Almennir viðskiptaskilmálar, vaxtatafla og verðskrá Landsbankans og reglur Seðlabanka Íslands um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár nr. 218/2023.
- Skilmálar þessir gilda frá og með 1. júní 2023.

* Þessi 31 dags fyrirvari gildir frá og með 5. júní 2023. Fram til þess tíma verður innborgun uppsegjanleg með að lámarki þriggja mánaða fyrirvara.

Framtíðargrunnur – óverðtryggður

- Óverðtryggður Framtíðargrunnur er ætlaður einstaklingum á aldrinum 0-18 ára.
- Hægt er að stofna óverðtryggðan Framtíðargrunn fram til 18 ára aldurs.
- Innborganir á Framtíðargrunn eru bundnar til 18 ára aldurs reikningseiganda.
- Innstæða losnar á 18 ára afmælisdegi reikningseiganda.
- Innborganir bera vexti samkvæmt vaxtatöflu Landsbankans á hverjum tíma frá og með næsta degi eftir að fjármunirnir eru lagðir inn. Dagurinn fyrir úttekt er síðasti vaxtadagur úttekinnar fjárhæðar.
- Vextir bindast til 18 ára aldurs með sama hætti og aðrar innborgarnir.
- Þar sem vextir eru bundnir til 18 ára aldurs er fjármagnstekjuskattur ekki tekinn út af reikningi um áramót, heldur reiknaður með skattprósentu á hverjum tíma og dreginn frá innstæðu á 18 ára afmælisdegi reikningseiganda.
- Á 18 ára afmælisdegi reikningseiganda eru vextir reiknaðir og lagðir við höfuðstól.
- Framtíðargrunnur lokast fyrir innborgunum þegar eigandi hans verður 18 ára.
- Framtíðargrunnur er ekki greiðslureikningur í skilningi laga.
- Landsbankinn getur hvenær sem er gert breytingar á skilmálum þessum einhliða og án fyrirvara. Breytingar á skilmálunum eru tilkynntar viðskiptavinum með skilaboðum í netbanka eða með almennri tilkynningu á vefsvæði bankans eða með öðrum hætti sem bankinn ákveður.
- Að öðru leyti gilda Almennir viðskiptaskilmálar, vaxtatafla og verðskrá Landsbankans.